



Foreldrakönnun
Lokaskýrsla
Skólaárið 2011-2012

Gunnhildur Harðardóttir
Helena Katrín Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heildarniðurstöður	5
Samantekt.....	22
Umbótaáætlun.....	25

Inngangur

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og framkvæma samkvæmt henni. Tilgangur sjálfsmats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið. Tvær kannanir voru lagðar fyrir ólíka hópa innan skólasamfélagsins á vordögum þar sem lagðar voru til grundvallar sambærilegar spurningar sem unnar voru út frá stefnu skólans og starfsáætlun hans. Kannanirnar voru lagðar fyrir nemendur skólans og foreldra þeirra. Starfsmannakönnun var ekki lögð fyrir á þessu skólaári þar sem vinnustaðagreining var unnin, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar, með starfsmönnum skólans þar sem spurt var um afmarkaða þætti skólastarfsins.

Með því að svara könnuninni gafst foreldrum kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri. Til að auðvelda stjórnendum og starfsmönnum að fylgjast með þróun skólastarfsins hefur sú leið verið valin að leggja svipaðar eða sömu spurningar fyrir foreldra/forráðamenn nemenda á hverju ári.


Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey og var hann byggður á spurningalista síðasta árs. Kallaðir voru til kennarar af öllum stigum til að lesa yfir og gefa ábendingar til útbóta. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. – 10. bekk í tölvupósti í maí. Póstur var sendur á alla foreldra og þeir beðnir að ákveða hvort foreldrið myndi svara könnuninni. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörun barst frá tæplega 72% foreldra sem er aukning um rúmlega 21% frá síðasta ári. Mæður svöruðu í 77,9% tilfella og feður í 21,5% tilfella og hefur svörun feðra aukist um 6% á milli ára. Best var svörun foreldra í 6. árgangi þar sem rúmlega 80% foreldra tóku þátt. Vert er að taka fram að á bak við svörun hveirrar spurningar geta legið mismörg svör þar sem hluti svarenda lauk ekki við að svara könnuninni. Hér á eftir fara helstu niðurstöður úr foreldrakönnuninni. Eftirfarandi tafla sýnir svörun foreldra eftir árgöngum.

Tafla 1. Skipting svara foreldra eftir árgöngum

Árgangur	Hlutfall foreldra árgangs	Hlutfall af heildarsvörum
1. bekk	75%	9.5%
2. bekk	79.2%	12.8%
3. bekk	75%	10.7%
4. bekk	75.6%	13.6%
5. bekk	61.6%	7.7%
6. bekk	81.2%	14.5%
7. bekk	65.7%	9.6%
8. bekk	50%	6.7%
9. bekk	55.7%	7.1%
10. bekk	65,4%	7.1%


Heildarniðurstöður

Þegar foreldrar voru spurðir um líðan barna sinna í skólanum kom í ljós að rúmlega 80% foreldra telja að barninu sínu líði mjög vel eða vel í skólanum, rúmlega 18% sæmilega og 1,5% telja að barninu sínu líði illa eða mjög illa í skólanum. Svör eru svipuð á milli stiga nema á elsta stigi þar sem 4% nemenda líður illa eða mjög illa.



Mynd 1. Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig tekið hefði verið á eineltismálum barns þeirra ef slík mál hefðu komið upp, kom fram að rúmlega 40% þeirra sem höfðu lent í slíkum aðstæðum taldi að mjög vel eða vel hefði verið tekið á málinu. Tæplega 18% töldu að illa eða mjög illa hefði verið tekið á málinu. Foreldrar á yngsta stigi voru ánægðastir með hvernig tekið væri á málum.




Mynd 2. Ef barnið þitt hefur orðið fyrir einelti í skólanum, hvernig finnst þér skólinn hafa tekið á því?

Um tæplega 90% foreldra svöruðu því til að þeir teldu samskipti barns síns og starfsmanna skólans almennt vera mjög góð eða góð. Tæplega 10% töldu þau vera sæmileg og 0,2% töldu þau slæm.

Tafla 2. Hvernig telur þú að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt í skólanum?

	Heildarfjöldi	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Mjög góð	34.21%	34.11%	33.56%	35.42%
Góð	55.70%	57.94%	57.53%	47.92%
Sæmileg	9.65%	7.94%	8.22%	15.62%
Slæm	0.22%	0.00%	0.68%	0.00%
Mjög slæm	0.00%	0.00%	0.00%	0.00%


Varðandi samskipti foreldra við umsjónarkennara barnsins voru svörin á þá vegu að langflestum þótti samskiptin mjög jákvæð, jákvæð eða sæmileg. Tæplega 0,5% foreldra á yngsta stigi, tæplega 0,5% foreldra á miðstigi og rúmlega 4% foreldra á unglíngastigi sögðu samskiptin vera neikvæð.



Mynd 3. Hvernig eru samskipti þín við umsjónarkennara barns þíns?


Kannað var viðhorf foreldra til núverandi umsjónarkennara barnsins og kom í ljós að rúmlega 88% bera mjög jákvætt eða jákvætt viðhorf til umsjónarkennara. Rúmlega 10% töldu það

sæmilegt og rúmlega 1% töldu það neikvætt eða mjög neikvætt. Þegar niðurstöður eru skoðaðar með tilliti til þess á hvaða stigi nemendur stunda nám kemur fram að jákvæðasta viðhorfið hafa foreldrar barna á miðstigi og neikvæðasta viðhorfið er hjá foreldrum nemenda á elsta stigi.



Mynd 4. Hvernig lýsir þú viðhorfi þínu til núverandi umsjónarkennara barnsins þíns?

Spurt var um hvernig samstarf foreldra við stjórnendur, umsjónarkennara, aðra kennara en umsjónarkennara og aðra starfsmenn skólans.




Mynd 5. Hvernig eru samstarf þitt við eftirtalda aðila innan skólans?

Foreldrar virðast almennt mjög ánægðir eða ánægðir með foreldraviðtöl sem þeim hefur verið boðið upp á í vetur. Tæplega 80% foreldra svöruðu því til að þeir hefðu verið mjög ánægðir eða ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem þeir fóru í. Tæplega 17% þóttu það í lagi en tæplega 4% voru óánægðir eða mjög óánægðir. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára.

Tafla 3. Hversu ánægður varstu með síðasta foreldraviðtal sem þú fórst í?

	Heildarfjöldi	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Mjög ánægð/ur	44,17%	41.15%	41.67%	54.84%
Ánægð/ur	35,65%	36.84%	41.67%	23.66%
Í lagi	16,59%	18.66%	13.19%	17.20%
Óánægð/ur	3,14%	3.35%	2.08%	4.30%
Mjög óánægð/ur	0,45%	0.00%	1.39%	0.00%

Þegar spurt var um hversu vel stjórnendur, umsjónarkennarar, aðrir kennarar og aðrir starfsmenn hafi tekið á málum sem upp hafa komið gagnvart barni þeirra, gáfu niðurstöður þær upplýsingar að mikil ánægja er með hvernig umsjónarkennarar hafa tekið á málum. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir stigum eru þær nokkuð sambærilegar.




Mynd 6. Hversu vel telur þú að eftirtaldir aðilar innan skólans hafi tekið á þeim málum sem upp hafa komið gagnvart barninu þínu?

Foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti stjórnun Lágafellsskóla og telja 63% foreldra stjórnun skólans vera mjög góða eða góða. Rúmlega tæplega 23% telja hana í lagi, rúmlega 4% slæma og mjög slæma.

Tafla 4. Hvað finnst þér um stjórnun Lágafellsskóla eins og hún kemur þér fyrir sjónir?

	Heildarfjöldi	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Mjög góð	19,77%	20%	16,90%	23,66%
Góð	43,18%	42,44%	45,07%	41,94%
Í lagi	22,95%	22,95%	24,65%	22,58%
Slæm	4,09%	3,41%	7,04%	1,08%
Mjög slæm	0,68%	0%	0,70%	2,15%
Hef ekki skoðun	9,31%	12,20%	5,63%	8,61%


Þegar foreldrar voru spurðir hvernig námsþörfum barnsins væri sinnt svöruðu tæplega 73% mjög vel eða vel og tæplega 4% því illa eða mjög illa. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir stigum telja 81% foreldra barna á unglingsstigi að námsþörfum sé mjög vel eða vel sinnt en svörun á öðrum stigum var um 70%. Þá telja 7% foreldra á miðstigi að námsþörfum barnsins þeirra sé illa eða mjög illa sinnt en á öðrum stigum er svörunin u.þ.b. 2%.



Mynd 7. Hvernig finnst þér námsþörfum barnsins þíns vera sinnt (t.d. námsefni við hæfi, fjölbreyttir kennsluhættir, stuðningur í kennslustofum, lengdur prófatími)?

Spurt var hversu ánægðir foreldrar væru með stoðþjónustu skólans s.s. sérkennslu, námsráðgjöf, skólasálfræðing, hjúkrunarfræðing, Baujunámskeið, Vinaleið og/eða Snillinganámskeið ef börn þeirra hefðu nýtt sér hana. Mjög ánægðir eða ánægðir voru

rúmlega 40%. Tæplega 48% höfðu ekki þurft á þjónustunni að halda. Ánægðastir með þjónustuna er foreldrar barna á mið-og yngsta stigi.



Mynd 8. Ef barnið þitt hefur nýtt sér stoðþjónustu skólans s.s. sérkennslu, námsráðgjöf, aðstoð skólasálfræðing eða hjúkrunarfræðing, Baujunámskeið, Vinaleið eða Snillinganámskeið, hversu ánægð/ur eru með þjónustuna?

Kannað var hversu mikil foreldrum þætti heimavinna barnsins vera og kom í ljós að tæplega 17% foreldra þótti heimavinnan of mikil eða mikil. Tæplega 70% þótti hún hæfileg en rúmlega 14% þótti hún lítil eða of lítil. Þessi svörun er sambærileg svörun síðasta árs. Nokkur munur var á svörum foreldra eftir því á hvaða stigi barn þeirra stundar nám. Flestum foreldrum sem þótti heimavinnan of mikil eða mikil áttu barn á unglingsstigi en þeir voru 31.5% og er það 4% hækkun frá síðasta ári. Um 19% foreldra á miðstigi þótti heimavinnan lítil eða of lítil. Hæst hlutfall foreldra sem þótti heimavinnan hæfilega mikil áttu barn á yngsta stigi eða tæplega 77%.

Tafla 5. Hversu mikil finnst þér heimavinna barnsins?


	Heildarfjöldi	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Of mikil	5,06%	1,97%	7,86%	7,61%
Mikið	11,49%	7,39%	9,29%	23,91%
Hæfileg	69,20%	77,34%	64,29%	58,70%
Lítil	11,49%	10,34%	15,00%	8,70%
Of lítil	2,76%	2,96%	3,57%	1,09%

Einnig var kannað hversu mikla hjálp foreldrar töldu barnið þurfa á að halda við heimanám sitt. Tæplega 23% foreldra töldu barn sitt þurfa mjög mikla eða mikla hjálp og rúmlega 43% töldu það þurfa hæfilega aðstoð. Tæplega 6% töldu barn sitt ekki þurfa neina aðstoð. Nokkur munur var á svörum eftir því á hvaða stigi barnið stundar nám en flest börn á unglingsstigi þurfa enga aðstoð við heimanám sitt eða rúmlega 17% en það hlutfall er tæplega 4% á miðstigi og rúmlega 1% á yngsta stigi. Breytingar frá fyrra ári eru þær að nemendum á miðstigi sem þurfa mjög mikla eða mikla hjálp fækkar um 5% en nemendur á yngsta stigi sem þurfa mjög mikla hjálp fjölgar um tæplega 6% hlutfall þeirra nú rúmlega 26%.

Tafla 6. Þarf barnið þitt aðstoð við heimanámið?

	Heildarfjöldi	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Já, mjög mikla	8,99%	11,82%	9,35%	2,17%
Já, mikla	13,82%	14,78%	14,39%	10,87%
Hæfilega	43,55%	48,770%	43,88%	31,52%
Já, litla	12,90%	10,34%	14,39%	16,30%
Já, mjög litla	15,21%	12,81%	14,39%	21,74%
Barnið þarf enga aðstoð	5,53%	1,48%	3,6%	17,39%

Þegar spurt var hvort Leiðsagnarmatið sem notað er við námsmat gæfi betri upplýsingar um stöðu barnsins svöruðu 58% að svo væri. Tæplega 20% foreldra höfðu ekki myndað sér skoðun á Leiðsagnarmatinu. Ef stigin eru skoðuð eru það foreldrar barna á unglingsstigi sem síst hafa myndað sér skoðun á matinu eða 24%. Rúmlega 25% foreldrar barna á miðstigi telja að matið hafi ekki bætt upplýsingar um stöðu barnsins.



Mynd 9. Telur þú að með tilkomu Leiðsagnarmats fáir þú betri upplýsingar um stöðu barnsins þín?


Foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn vera í skólanum og svöruðu tæplega 45% því að þeir væru sáttir við agamál en tæplega 29% þótti aginn lítill eða of lítill.

Séu þessar niðurstöður bornar saman við niðurstöður frá síðasta ári hefur hlutfall ánægðra foreldra aukist um rúmlega 10%.

Tafla 7. Hvernig telur þú að aginn í sé í skólanum?


	Heildarfjöldi	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Ég er sátt/ur við agamál í skólanum	45,24%	44,28%	44,93%	47,83%
Of mikill	0,46%	0,50%	0,72%	0,00%
Mikill	2,32%	2,49%	1,45%	3,26%
Lítill	18,79%	16,42%	22,46%	18,48%
Of lítill	9,15%	7,96%	10,14%	11,96%
Veit ekki nóg um agamál í skólanum	23,67%	28,36%	20,29%	18,48%

Spurt var hversu vel foreldrar þekktu efni Uppbyggingarstefnunnar og svöruðu tæplega 18% að þeir þekktu hana mjög vel eða vel en 58% lítið eða mjög lítið. Þegar niðurstöður eru skoðaðar milli stiga þekkinga foreldrar barna á miðstigi og unglingsstigi betur til stefnunnar en foreldrar barna á yngsta stigs og er munurinn 7%.




Mynd 10. Lágafellsskóli vinnu eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar, hversu vel þekkir þú efni hennar?

Í framhaldinu voru foreldrar spurðir hversu sýnileg þeim þætti Uppbyggingarstefnan vera í skólalastarfinu. Í ljós kom að tæplega 23% foreldra þótti hún mjög sýnileg eða sýnileg. Rúmlega 39% töldu hana lítið sýnilega og 38% höfðu ekki myndað sér skoðun. Þegar niðurstöður eru bornar saman milli ára kemur í ljós að foreldrar telja nú að stefnan sé ekki eins sýnileg og áður.




Mynd 11. Hversu sýnileg þykir þér Uppbyggingarstefnan vera í skólalastarfinu?

Kannað var hversu margir foreldrar sóttu skólann heim í foreldravíkunni sem haldin var vikuna 26.- 30. mars. Tæplega 63% foreldra svöruðu því til að þeir hefðu heimsótt skólann. Hlutfall foreldra á yngsta stigi var hæst eða rúmlega 78%, rúmlega 57% foreldra á miðstigi og tæplega 37% foreldra nemenda á unglíngastigi. Aukningu milli ára er aðeins að sjá á yngsta stigi en á síðasta skólaári voru það 68% foreldra nemenda yngsta stigs sem komu í heimsókn í foreldravíku.




Mynd 12. Komst þú í heimsókn í skólann í foreldravíkunni 26. – 30. mars?

Foreldrar voru spurðir hversu vel þeim gengi að ná sambandi við skólann þegar á þyrfti að halda og kom í ljós að rúmlega 81% foreldra taldi það ganga mjög vel eða vel en það er fækkun um 13% frá síðasta ári og dreifist hún jafn á milli stiga.



Mynd 13. Hvernig gengur þér að ná sambandi við skólann þegar þú þarft að koma skilaboðum áfram, ná í starfsmenn eða fá upplýsingar


Spurt var hvort erindum sem send væru eftirfarandi aðilum (stjórnendum, umsjónarkennurum og öðrum kennurum en umsjónarkennurum) í tölvupósti væri svarað innan tveggja daga.



Mynd 14. Ertu sammála að erindum, sem send eru eftirfarandi aðilum í tölvupósti, sé svarað innan tveggja daga?


Þegar foreldrar voru spurðir hversu mikið þeir nýttu sér heimasíðu skólans svöruðu rúmlega 46% því að þeir notuðu hana mjög mikið eða mikið og er það fækkun um 13% frá fyrra ári, tæplega 51% sögðust nýta hana lítið eða mjög lítið og tæplega 3% sögðust ekkert nýta sér

heimasíðu skólans. Lítið munur var á svörum foreldra eftir því á hvaða stigi viðkomandi átti barn.



Mynd 15. Hversu mikið nýtir þú þér heimasíðu skólans?


Foreldrar voru spurðir hversu oft þeir nota Mentor og gáfu niðurstöður til kynna að rúmlega 53% svarenda nota Mentor einu sinni til þrisvar í viku. Tæplega 2% svöruðu því til að þeir nota Mentor aldrei.



Mynd 16. Hversu oft notar þú Mentor?

Spurt var hversu vel upplýsingar varðandi ástundun, heimanám, námsárangur og daglegt gengi skiluðu sér í gegnum Mentor. Tæplega 86% foreldra telja að upplýsingar um ástundun barna þeirra skili sér vel. Tæplega 1% telja þær skila sér illa eða mjög illa. Tæplega 72% foreldra svöruðu því til að heimanám skilaði sér mjög vel eða vel í gegnum Mentor og tæplega 7% illa eða mjög illa. Varðandi upplýsingar um námsárangur kom fram að rúmlega 57% foreldra telja þær upplýsingar skila sér mjög vel eða vel og rúmlega 11% illa eða mjög

illa. Kannað var hvernig upplýsingar um daglegt gengi nemenda í skólanum skilaði sér heim í gegnum dagbókarfærslur í Mentor. Niðurstöður sýndu að rúmlega 45% foreldra telja þær upplýsingar skila sér mjög vel eða vel og rúmlega 17% mjög illa eða illa. Þegar niðurstöður þessa þáttar eru bornar saman milli stiga kemur í ljós að dagbókafærslur skila sér best hjá nemendum á unglingastigi. Aðra þætti í Mentor er erfitt að bera saman milli stiga þar sem ólíkar vinnureglur gilda um ástundun, heimanám og birtingu upplýsinga um námsárangur.



Mynd 17. Hversu vel finnst þér upplýsingar um eftirfarandi þætti skila sér til þín í gegnum Mentor?


Spurt var hvernig foreldrum þætti upplýsingagjöfin frá skólanum í heild og sýndu svörin að tæplega 68% foreldra þykir hún mjög góð eða góð, rúmlega 29% í lagi og rúmlega 3% þykir hún slæm eða mjög slæm.

Tafla 8. Hvernig finnst þér upplýsingagjöfin frá skólanum í heild?

	Heildarfjöldi
Mjög góð	25,65%
Góð	42,12%
Sæmileg	29,18%
Slæm	2,59%
Mjög slæm	0,47%

Kannað var hversu margir foreldrar lesa fréttablað skólans, Lágafellspóstinn, og kom í ljós að tæplega 52% foreldra lesa blaðið alltaf og er lækkun um 8% frá síðasta ári, tæplega 40% lesa

Lágafellspóstinn stundum og rúmlega 8% aldrei. Flestir foreldrar á yngsta stigi lesa fréttablaðið alltaf eða tæplega 57%.




Mynd 18. Lestu fréttablað skólans, Lágafellspóstinn?

Þegar spurt var um hversu ánægðir foreldrar voru með mötuneyti skólans kom í ljós að rúmlega 53% foreldra voru mjög ánægðir eða ánægðir með mötuneytið og tæplega 29% sögðu það í lagi og hefur það hlutfall hækkað um 5% frá síðasta skólaári. Hæst hlutfall ánægðra foreldra er meðal þeirra sem eiga barn á yngsta stigi en hæst hlutfall óánægðra foreldra er að finna meðal foreldra nemenda á miðstigi. Hlutfall þeirra sem ekki eiga barn í mötuneytinu er hæst á elsta stigi en þó hefur sú tala lækkað úr tæplega 23% á fyrra skólaári í rúmlega 11% í ár.

Tafla 9. Hversu ánægð/ur ertu með mötuneytið í skólanum?

	Heildarfjöldi 2010-11	Heildarfjöldi 2011-12	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Ég á ekki barn í mötuneytinu	10,86%	6,59%	2,54%	9,42%	11,11%
Mjög ánægð/ur	19,71%	16,24%	18,27%	13,77%	15,56%
Ánægð/ur	34,00%	37,18%	45,18%	27,54%	34,44%
Í lagi	23,43%	28,71%	26,40%	33,33%	26,67%
Óánægð/ur	10,57%	10,35%	7,61%	13,77%	11,11%
Mjög óánægð/ur	1,43%	0,94%	0%	2,17%	1,11%

Þegar spurt var hvort foreldrar teldu skóladag barns síns vera heildstæðan, sýndu niðurstöður að tæplega 47% töldu svo vera. Athygli vekur að tæplega 11% nemenda stunda engar tómsundir.




Mynd 19. Telur þú að skóladagur barnsins þíns sé heildstæður (að tómsundastarf sé skipulagt í beinu framhaldi af skóla)?

Spurt var hversu ánægðir foreldrar væru með Lágafellsskóla og kom í ljós að rúmlega 87% foreldra væru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann og eru það sambærilegar niðurstöður frá fyrra ári.

Tafla 10. Hversu ánægð/ur ertu með Lágafellsskóla?


	Heildarfjöldi	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Mjög ánægð/ur	35,93%	35,71%	32,12%	42,22%
Ánægð/ur	51,30%	53,06%	52,55%	45,56%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	11,82%	11,22%	14,60%	8,89%
Óánægð/ur	0,47%	0,00%	0,73%	1,11%
Mjög óánægð/ur	0,47%	0,00%	0,00%	2,22%

Í framhaldinu var spurt hvort viðkomandi gæti mælt með Lágafellsskóla við aðra foreldra. Í ljós kom að rúmlega 72% foreldra telja sig geta mælt mjög sterklega eða sterklega með skólanum við aðra foreldra og rúmlega 23% geta mælt með skólanum að nokkru leyti.




Mynd 20. Getur þú mælt með Lágafellsskóla við aðra foreldra?

Næstu spurningar í könnuninni sneru að fullyrðingum sem finna má í skólanámskrá skólans. Foreldrar voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni: „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra notið sín“. Mjög sammála eða sammála voru 52,95% foreldra og er það hækkun um tæplega 13% frá fyrra ári, en tæplega 30% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta það. Ósammála og mjög ósammála voru rúmlega 17%.




Mynd 21. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra notið sín“.

Næst var spurt hversu sammála foreldrar væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“. Rúmlega 73% foreldra svöruðu því til að þeir væru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það hækkun um 13% frá fyrra ári, rúmlega 14% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta það og rúmlega 12% voru ósammála eða mjög ósammála.




Mynd 22. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? „Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“.

Foreldrar voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Raddir allra fá að heyrast í Lágafellsskóla“. Niðurstöður sýndu að rúmlega 45% foreldra voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og hefur sú tala hækkað um 12% frá síðasta ári, 40% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta það og tæplega 15% voru ósammála eða mjög ósammála.




Mynd 23. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? „Raddir allra fá að heyrast í Lágafellsskóla“

Spurt var hvort foreldrar væru sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla er boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti“. Mjög sammála eða sammála fullyrðingunni voru rúmlega 64% foreldra og hefur sú tala hækkað um 6% á milli ára, tæplega 25% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta það og tæplega 11% voru ósammála eða mjög ósammála.



Mynd 24. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? „Í Lágafellsskóla er boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti“.

Að lokum voru foreldrar spurðir hvort þeir væru sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla er boðið upp á gæðakennslu“. Rúmlega 67% foreldra svöruðu því til að þeir væru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og hefur sú tala hækkað um rúmlega 7% frá síðasta skólaári, tæplega 20% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta það og tæplega 13% voru ósammála eða mjög ósammála. Hæst hlutfall þeirra sem voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni er meðal foreldra nemenda á elsta stigi eða 75% og hefur sú tala hækkað um 20% frá síðasta skólaári.



Mynd 25. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? „Í Lágafellsskóla er boðið upp á gæðakennslu“.

Samantekt

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun þeirri sem skólinn hefur sett sér til næstu fimm ára er gengið út frá því að foreldrakönnun sé lögð fyrir foreldra nemenda í 4. 7. og 10. bekk árlega. Í ár sem og síðasta ár var ákveðið að leggja könnunina fyrir alla foreldra nemenda 1.-10. bekkjar með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir hug foreldra hvað skólastarfið varðar. Könnun með sambærilegum spurningum var lögð fyrir nemendur. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar spurningum, koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru settar viðmiðanir varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í foreldrakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð. Niðurstöður foreldrakönnunar leiddu í ljós að rúmlega 87% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju foreldra er 80% og eru niðurstöður sambærilegar við fyrra skólaár. Rúmlega 80% foreldra telja að barni sínu líði mjög vel eða vel í skólanum en sú tala er 3% lægri en niðurstöður foreldrakönnunar á síðasta skólaári sýndu. Það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun skólans og lítur að góðri eða mjög góðri líðan nemenda er 90% og eru niðurstöður því tæplega 10% undir viðmiðum. Foreldravika var haldin í skólanum á þemadögum í lok marsmánaðar og komu 63% foreldra í heimsókn þá vikuna. Það viðmið sem sett var í starfsáætlun, varðandi heimsóknir foreldra í foreldraviku, var 60%. Þegar spurt var hvernig foreldrar teldu að samskipti milli barnsins síns og starfsfólks væri í skólanum svöruðu tæplega 90% því til að þau séu mjög góð eða góð. Að sama skapi telja rúmlega 89% að samskipti við umsjónarkennara séu mjög góð eða góð og eru þær niðurstöður sambærilegar milli ára. Í ár var í fyrsta sinn spurt um viðhorf foreldra til núverandi umsjónarkennara barns síns og svöruðu rúmlega 88% því til að viðhorf þeirra væri mjög jákvætt eða jákvætt. Í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið var viðmiðið sem sett var varðandi ánægju með samstarf heimilis og skóla 80%. Í starfsáætlun var sett viðmið varðandi aðgengi að starfsmönnum skólans í gegnum tölvupóst þar sem svörun skyldi ekki taka lengri tíma en tvo daga. Viðmiðið var 70% en niðurstöður foreldrakönnunar sýna að af þeim sem hafa þurft að ná sambandi við starfsfólk skólans í gegnum tölvupóst hafa 90% fengið svar innan tveggja daga og er viðmiðinu því náð. Af þeim foreldrum sem tóku afstöðu, voru 75%

mjög sammála eða sammála því að raddir allra fengju að heyrast í Lágafellsskóla. Viðmiðið sem sett var varðandi hvort hlustað væri á skoðanir allra og virðing borin fyrir þeim var 80% og eru niðurstöður því 5% undir viðmiðum.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu að Leiðsagnarmatið gæfi þeim betri upplýsingar um stöðu barns síns. Niðurstöður sýndu að rúmlega 58% töldu svo vera og voru þær sambærilegar milli stiga.

Tæplega 73% foreldra telja að námsþörfum barns síns sé mjög vel eða vel sinnt en tæplega 20% telja að þeim sé sæmilega sinnt. Tæplega 48% foreldra hafa ekki nýtt sér stoðþjónustu skólans en 94% þeirra sem hafa nýtt sér stoðþjónustuna eru mjög ánægðir eða ánægðir með hana.

Niðurstöðurnar gáfu einnig mikilvægar upplýsingar varðandi margt sem betur má fara. Foreldrar voru spurðir hversu mikil þeim þætti heimavinna barns síns og kom í ljós að tæplega 17% foreldra telja heimanám of mikið eða mikið og eru það sambærilegar tölur frá síðasta skólaári. Hæst hlutfall foreldra sem þótti heimanám vera of mikið eða mikið var meðal foreldra nemenda á unglingastigi eða tæplega 32% og er það aukning um 3,5% milliára. Þegar spurt var hversu mikla aðstoð barnið þyrfti við heimanám sitt þá sýndu niðurstöður að rúmlega 24% foreldra töldu að barn sitt þyrfti mjög mikla eða mikla aðstoð. Hæst hlutfall foreldra sem töldu að svo væri voru foreldrar nemenda á yngsta en þeir voru tæplega 27% og er það aukning um 17% milli ára. Tæplega 24% foreldra nemenda á miðstigi töldu barn sitt þurfa mikla eða mjög mikla aðstoð og hefur sú tala lækkað um 8% frá síðasta ári. Rúmlega 13% foreldra nemenda á unglingastigi svöruðu því til að barn þeirra þyrfti mjög mikla eða mikla aðstoð og er sú tala sambærileg frá fyrra ári. Aukningin sem orðið hefur á yngsta stigi er athygliverð og mikilvægt að skoða hvað veldur.

Þar sem Lágafellsskólai vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar var skoðað sérstaklega hversu vel foreldrar eru kunnugir efni hennar og hversu sýnileg þeim þykir hún í skólastarfinu. Tæplega 76% foreldra telja sig þekkja efni stefnunnar mjög lítið eða lítið og hefur sú tala hækkað um 30% á milli ára. Rúmlega 39% telja stefnuna lítið sýnilega í skólastarfinu og tæplega 49% hafa ekki myndað sér skoðun á því. Viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og miðar að því hversu vel foreldrar þekkja til Uppbyggingastefnunnar og þykja hún sýnileg í skólastarfinu, er 80% og er raunin því langt undir viðmiðum. Ljóst er

að endurskoða þarf þær áherslur sem uppbyggingateymi setur sér og taka þarf inn hnitmiðaða fræðslu stefnunnar fyrir foreldra og finna leiðir til að gera stefnuna sýnilegri í skólastarfinu.

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn í skólanum vera kom í ljós að tæplega 49% foreldra segjast vera sáttir við agamál í skólanum en samkvæmt niðurstöðum síðasta árs var hlutfall foreldra þá tæplega 35%. Rúmlega 14% fannst aginn vera of lítill eða lítill en sú tala hefur lækkað um 18% frá fyrra ári. Tæplega 27% telja sig ekki vita nóg um agamál til að taka afstöðu til spurningarinnar. Niðurstöðurnar sýna að mikið hefur unnist varðandi agamál í skólanum á skólaárinu.

Kannaður var hugur foreldra til mötuneytis skólans og kom fram að 54% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með mötuneytið sem er sambærileg tala við niðurstöður foreldrakönnunar sem unnin var á síðasta skólaári. Síst ánægðir eru foreldrar nemenda á miðstigi eða rúmlega 41% og ánægðastir eru foreldra nemenda á yngsta stigi. Athyglivert er að svo virðist sem aukning hafi orðið milli ára meðal nemenda á unglिंगastigi sem skráðir eru í mötuneyti.

Fram kom, þegar spurt var hvort skóladagur barns væri heildstæður að tæplega 51% foreldra á miðstigi telja að svo sé ekki og það hlutfall langt undir þeim viðmiðum sem sett voru í starfsáætlun skólaársins (90%). Athygli vekur að tæplega 11% foreldra í 4.-10. bekk svöruðu því til að barn þeirra væri ekki í tómstundum.

Í opnum svörum kom fram, líkt og í foreldrakönnun síðasta skólaárs, ósk frá foreldrum um að boðið væri upp á foreldraviðtöl án barna. Margir foreldrar vildu koma á framfæri hrósi og þakklæti til starfsfólks skólans fyrir fagleg og góð vinnubrögð. Fram komu ábendingar um hávaða í mötuneyti svo og að bæta mætti gæði þeirrar matvöru sem boðið er uppá. Einnig kom fram að taka þyrfti betur á eineltismálum. Nokkuð var rætt um heimanám og kom meðal annars fram að skoða þyrfti tengingu heimanáms við þá vinnu sem fram fer í skóla. Einnig að einstaklingsmiða þurfi heimanám nemenda þar sem ekki henti það sama öllum. Margar jákvæðar athugasemdir bárust um starfssemi frístundasels sem mörgum þykir hafa bætt þjónustu sína í vetur.

Umbótaáætlun

Ljóst er að þær upplýsingar sem fram hafa komið varðandi skoðanir foreldra á skólastarfinu í heild nýtast skólanum vel til áframhaldandi þróunarstarfs innan skólans. Að gerð umbótaáætlunar koma allir starfsmenn skólans og fer sú vinna fram á haustdögum.

Umbótaáætlun

Markmið:	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón
-----------------	---	-------------------

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?